

Nd.

207. Nefndarálit

um frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klotnað um þetta mál, og var ég í minni hluta, andvígur frumvarpinu.

Aðalástæðurnar til þess, að ég er á móti frumvarpinu, eins og það kemur frá ríkisstjórninni, eru þær, að í fyrsta lagi er hér með lögum fyrirskipuð almenn launalækkun hjá launþegum, og í öðru lagi eru gerðar ráðstafanir til þess að auka dýrtíðina í landinu.

Launalækkunarfyrirmælin er að finna í 12. gr. frv. og eru höfuðatriði frv. frá sjónarmiði flutningsmanna. Með þeirri grein er vísitalan, sem laun og aðrar greiðslur, er miðast við verðlagsvísitölu, skulu greidd eftir, fest í 300, hvernig sem raunveruleg kauplagsvísitala hækkar.

Þetta ákvæði þýðir, þegar vísitalan nú er 328, samstundis 8½% launalækkun fyrir alla launþega í landinu. Undir eins og afleiðingar þessa frv., ef að lögum yrði, kæmu í ljós, mundi vísitalan vegna söluskattsins o. fl. hækka verulega. Þá er og vitað, að erlendis fer vöruverð enn hækkandi, svo að viðbúið er, að vísitala hækki einnig sökum þess. Þetta hvort tveggja mun valda hækkun raunverulegrar vísitölu, er mundi jafngilda því, að launalækkun samkvæmt þessari grein yrði skjótlega yfir 10%.

Þá ber þess enn fremur að gæta, að raunveruleg vísitala er nú um 380, en er hins vegar greidd niður í 328 með niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Ef þessi lög yrðu samþykkt, yrði það á valdi ríkisstjórnarinnar að draga úr þessum niðurgreiðslum, eins og henni þóknaðist, og lækka þar með laun alls verkafólks og launþega í landinu enn þá meir.

Launagreiðslur til allra launþega á Íslandi munu á s. l. ári vera a. m. k. 500 milljónir króna. Launalækkun sú, sem framkvæmd yrði í krafti þessara laga, yrði því til að byrja með um 50 milljónir króna á öllum launþegum Íslands, en gæti orðið miklu hærrí fúlga, er á liði.

Liggur í augum uppi, hvílikt ranglæti væri framið með slíkri stórkostlegri rýrnun á kjörum almennings, auk þess sem með lögum þessum væru ógilduð hin veigamestu samningsákvæði í frjálsum samningum verklyðsfélaganna á Íslandi, sem verið hafa íslenzkri alþýðu hin drýgsta vörn gegn dýrtíðinni. Sérstaklega hart kæmu þessi lög niður á öllum starfsmönnum ríkis og bæja, sem fæstir hafa verkfallsrétt og því útilokaðir frá þeim möguleika að bera hönd fyrir höfuð sér með því að beita því vopni. Væru með lögum þessum eyðilagðar að nokkru mikilvægar réttarbætur, sem starfsmenn hins opinbera fengu eftir langa baráttu fyrir 2 árum síðan.

Þá er og með þessari sömu launalækkunargrein lækkuð sú verðlagsuppbót, sem gamalt fólk, ekkjur, munaðarleysingar og aðrir, sem einhvers konar bætur fá samkvæmt alþýðutryggingalögum, eiga að fá útborgaða. Kemur það úr hörðustu átt, að nú skuli lagt til að skera niður nokkuð af lágum styrkjum til þessa fólks, þegar þjóð vor er ríkari en nokkru sinni fyrr.

Þá er enn fremur með frv. þessu lækkuð sú lágmarkskauptrygging, sem sjómenn hafa knúid fram sér til handa, svo að frv. miðar beinlínis að því að skerða kjör sjómanna. En það er hins vegar vitanlegt, að alveg sérstök nauðsyn var á að bæta þau, en eigi skerða, ef sjómenn eiga að fást á skip vor og báta.

Allar þessar tilfinnanlegu launa- og réttindaskerðingar gagnvart alþýðu þeirri, er hér um ræðir, verða því óréttlátari sem byrðarnar eru með frv. þessu einvörðungu lagðar á herðar alþýðu manna. Auðmannastétt landsins er beinlínis hlíft með þessu frumvarpi, því þó að nokkrar milljónir yrðu teknar af handahófi af nokkrum mönnum, er auðgast hafa síðustu ár, þá yrði það smáupphæð samanborið við það, sem tekið er af launþegum með frumvarpi þessu og afhent auðmannastéttinni.

Nú eiga samkvæmt skattaframfali fyrir 1946 200 ríkustu félög og einstaklingar í Reykjavík 103 milljónir króna í skuldlausum eignum, ef miðað er við fasteignamat og nafnverð hlutabréfa, en yfir 500 milljónir króna í skuldlausum eignum, ef miðað er við matsákvæði í fyrirmælum II. kafla þessa frv.

Auður þessara 200 milljónamæringa er vart snertur með frv. þessu, en margir þeirra yrðu beinlínis ríkari eftir.

Verzlunargróðinn verður frekar aukinn en skertur með frumvarpi þessu og engar raunhæfar ráðstafanir gerðar til þess að koma í veg fyrir það óhóflega brask, sem átt hefur sér stað.

Aðalatriði þessa frv. er því óréttlæti gagnvart alþýðu þessa lands, sem með engu móti verður varið.

Launalækkunartillögur þessar eru fluttar undir því yfirskini að vera barátta gegn dýrtíðinni.

Enn annað aðalatriði frumvarps þessa eru beinlínis ráðstafanir til þess að auka dýrtíðina, sem sé allur VI. og VII. kafli frv. Þær ráðstafanir, sem þar eru gerðar, hækka vöruverðið í landinu tafarlaust. Allt tal um baráttu gegn dýrtíð í sambandi við frv. þetta er því hræsni tóm. Hins vegar verða afleiðingar þess, ef að lögum verður, áframhaldandi verðbólga og tilfínanlegri dýrtíð fyrir almenning en áður.

Með tilliti til þess, að ég hef ásamt tveim öðrum þingmönnum Sósíalístaflokksins flutt frv. á þskj. 130, sem felur í sér raunhæfar ráðstafanir til lækkunar á dýrtíðinni og á framleiðslukostnaði við sjávarútveginn án þess að rýra kjör launþega, þá er aðalafstaða mín til frv. ríkisstjórnarinnar sú, að það sé fellt í þeirri mynd, sem það nú er, en frv. okkar sósíalísta samþykkt, því að það, sem nýtilegt er í frv. stjórnarinnar, er og að finna í frv. okkar, sem hefur þó margt annað gott að geyma. En hvað tekjuhlíð snertir, þá lofuðum við flutningsmenn frv. á þskj. 130 að leggja fram tillögur um tekjuöflun, strax og sýnt væri, að frv. okkar næði fram að ganga, og mundum þá koma með betri og réttlátari tillögur en þær tekjuöflunartillögur, sem eru í frv. ríkisstjórnarinnar.

Þar sem hins vegar er rétt að gera ráð fyrir, að frv. ríkisstjórnarinnar nái fram að ganga í einhverri mynd, vil ég freista þess að gera við það nokkrar breytingartillögur, er til bóta mættu verða, og flyt ég þær á sérstöku þskj. og mun gera grein fyrir þeim í framsögu. Jafnframt vil ég taka fram, að ég álit, að fella beri VI. og VII. kafla frumvarpsins.

Sökum skamms tíma og óvenjulegra aðfara við afgreiðslu máls þessa er ekki tími til þess að gera ýtarlegri grein fyrir frv. og brtt. mínum í þessu álit.

Ég hef sent frv. til umsagnar til nokkurra aðila og áskil mér því rétt til að birta umsögn þeirra sem framhaldsnál., ef þær koma í tæka tíð til að birtast í Nd.

Alþingi, 16. des. 1947.

Einar Olgeirsson.